



Garðabær, 28. febrúar 2012

## Umsögn um skóladagatal Garðaskóla skólaárið 2012-2013

Á fundi skólaráðs Garðaskóla sem haldinn var 1. febrúar 2012 lagði aðstoðarskólastjóri fram drög að skóladagatali næsta skólaárs sem unnin voru í samvinnu allra grunnskóla og leikskóla í Garðabæ. Gagnlegar og málefnalegar umræður voru um skóladagatalið.

Umsögn skólaráðs er að meðfylgjandi skóladagatal sé samþykkt með eftirfarandi fyrirvörum um þann hluta sem varðar samræmt skóladagatal í Garðabæ:

- skólaráð gerir alvarlega athugasemd við að 3 af 5 rauðum skipulagsdögum séu á föstudegi. Þetta gerir það að verkum að greinar sem einungis eru kenndar á föstudögum verða fyrir meiri skerðingu en aðrar. Einnig takmarkar þetta svigrúm sem Garðalundur hefur til að skipuleggja viðburði.
- skólaráð mælir með því að skólasetningardagur í ágúst sé heill skóladagur. Skerta daginn (gulur á skóladagatali) má þá nýta sem prófdag eða til að brjóta upp skólastarf, t.d. í tengslum við Listadaga.

Skólaráð leggur einnig fram athugasemd varðandi ráðstöfun prófadaga í Garðaskóla:

- skólaráð mælir með því að haustannarpróf séu höfð í lok desember og raðist í kringum helgina 15.-16. desember. Nemendum þykja kennsludagar eftir próf nýtast illa til náms og erfitt sé að halda þræði í námshlutum sem raðast beggja vegna jólafrísins. Sama sjónarmið hefur að sögn stjórnenda Garðaskóla margoft komið fram á kennarafundum í skólanum.

Skólaráð fagnar því að löng haustönn sé brotin upp með lengdri helgi í október. Ráðið leggur einnig áherslu á að Gagn og gaman dagar haldi sínum sess í starfi skólans á haustönn.

Fyrir hönd skólaráðs,

---

Brynhildur Sigurðardóttir, aðstoðarskólastjóri